

# Skólaráð Lækjarskóla

---

20. fundur skólaráðs, haldinn í Lækjarskóla 5. mars 2013 kl. 8:15.

## Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. Skóladagatal 2013-2014
2. Aðalnámskrá
3. Samræmd próf
4. Á döfinni
5. Frá foreldrafélaginu
6. Frá nemendaráði
7. Frá fulltrúa grenndarsamfélagsins
8. Önnur mál

### 1. Skóladagatal 2013-2014

Skóladagatal fyrir næsta skólaár var kynnt. Eftir er að raða niður foreldradaga og þemadaga og verða tillögur um þá daga sendar rafrænt til fundarmanna til samþykktar eða synjunar. Skóladagatal 2013-2014 var samþykkt.

### 2. Aðalnámskrá

Vinna við aðalnámskrá er í gangi í Lækjarskóla. Eintak nýrrar aðalnámskrár fyrir grunnskóla var afhent þeim fundarmönnum sem ekki hafa fengið hana.

### 3. Samræmd próf

Farið var yfir útkomu samræmdra prófa sem kemur ágætlega út í ár. Frekar mikill stöðugleiki í Lækjarskóla undanfarin ár en af og til koma toppar. Skólastjórnendur vilja einnig skoða líðan og aðra þætti. Framfarastuðull er góður í skólanum. Rætt um stöðu íslenskunnar í dag.

### 4. Á döfinni

- Starfsmannaviðtöl eru að fara í gang og lýkur þeim í næsta mánuði.
- Til stendur fundur Fræðslufirvalda, fræðsluráðs og stjórnendum grunnskóla Hafnarfjarðar þar sem funda á um “árangur í skólastarfi”.
- Lækjarskóli er skóli margbreytileikans.
- 70 nemendur úr grunnskólum Hafnarfjarðar að nýta sér val við lðnskólann.

### 5. Frá foreldrafélaginu

Ekki tekið fyrir vegna forfalla.

### 6. Frá nemendaráði

Mikil gróska er hjá félagsmiðstöðinni. Í gær var körfuboltamót og á morgun skotboltapaintball. Varúlfur, kókosbollukeppni, skíðaferð 17. mars, árshátíð og margt fleira er framundan.

## 7. Frá fulltrúa grenndarsamfélagsins

Fulltrúi grenndarsamfélags lýsir ánægju sinni með starf skólans.

## 8. Önnur mál

- Stórikór Lækjarskóla fer á Norbusang í Fredrikstad í Noregi 8. - 12. maí. Þetta er í þriðja sinn sem kórinn fer á samnorræna barnakóramótið.
- Tekið fyrir bréf frá foreldri þar sem kvartað var undan kennara við skólann. Skólastjóri upplýsti skólaráð um hvernig tekið hafi verið á málinu.
- Þung mál í eru sérdeild skólans.
- Skólastjóri ræddi um kvíða í samfélaginu.

Fundi slitið kl. 9:30.

### Fundinn sátu:

Haraldur Haraldsson, skólastjóri

Hafrún Dóra Júlíusdóttir, fulltrúi grenndarsamfélags

Hrönn Arnasdóttir, fulltrúi kennara

Margrét Ásmundsdóttir, fulltrúi kennara

Oddný Jóhannesdóttir, fulltrúi starfsmanna

Pórdís Andrésdóttir, formaður nemendaráðs, fulltrúi nemanda

Jón Foss Guðmundsson, nemendaráði, fulltrúi nemanda

Fundargerð ritaði Sólrún Helgadóttir